# HAFNARFJÖRÐUR

# AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að afmarka 14,3ha Afþreyingar- og ferðamannasvæði merkt AF5 á þegar röskuðu landi við Snókalönd við Bláfjallaveg nálægt gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Svæðið er innan Hverfisverndarsvæðis HVb5, en utan Reykjanesfólkvangs og vatnsverndarsvæða.

Á svæðinu gilda ákvæði svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er varðar aðgengi almennings að samfelldu útivistarsvæði ofan borgarbyggðarinnar.

Breyting verður á töflu á blaðsíðu 55 í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 19.apríl 2014, sem er tafla 11: Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði og einnig á bls. 60 tafla 16: Yfirlit yfir óbyggð svæði.

| Merking | Heiti | Stærð km² | Lýsing |
|---|---|---|---|
| ÓB1 | Uppland Hafnarfjarðar | 80,14 | Allt upplandið |
| ÓB2 | Krýsuvík | 59 | Allt land sem ekki er skilgreint öðruvísi |
| ÓB3 | Gráhelluhraun | 0,55 | |
| ÓB4 | Þjóðlenda | 29,66 | Afréttur Álftaneshrepps hins forna |
| | **Heildarstæð** | **169,35** | |

*Tafla 16. Yfirlit yfir óbyggð svæði*

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| AF1 | Víðistaðatún | 0,3 | Tjaldsvæði |
| AF2 | Hellisgerði | 1,7 | Skrúðgarður, hverfisverndaður |
| AF3 | Seltún Krýsuvík | 13 | Skoðunarsvæði við hveri, gönguleiðir |
| AF4 | Leiðarendi | 21 | Hellaskoðun |
| AF5 | Snókalönd | 14,3 | Ferðaþjónusta |
| | **Heildarstæð** | **50,3** | |

*Tafla 11. Yfirlit yfir afþreyingar- og ferðamannasvæði*

**Forsendur:**
Árin 2019 og 2020 var veitt stöðuleyfi vegna uppsetningar á samkomutjöldum ætluðum til norðurljósa- og stjörnuskoðunar í gömlu hraunnámunum við Snókalönd. Þar sem vel hefur tekist að ná til erlendra sem innlendra ferðamanna og upplifun almennt mjög góð og umsagnir jákvæðar, er stefnt að frekari uppbyggingu og aukinni þjónustu.
Um verður að ræða ferðaþjónustu í atvinnuskyni og verði landnotkun skilgreind samkvæmt því og breytist úr Óbyggðu svæði (ÓB) í Afþreyingar- og ferðamanna-svæði (AF).

Í ferðamálastefnu Hafnarfjarðar sem samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 16. janúar 2013 kemur fram að stefnt skuli að því að kynna bæinn og nágrenni hans sem kjörinn og eftirsóttan áfangastað fyrir ferðamenn árið um kring og stuðla að jákvæðri og góðri upplifun þeirra sem hingað koma.

Að bjóða upp á stjörnu- og norðurljósaferðir í Snókalöndum styrkir enn frekar þær áherslur sem koma fram í umræddri stefnu og ennfremur styrkir hún ferðamennsku sem er í upplandinu í dag. Það er markmið og verkefni bæjaryfirvalda og ferðaþjónustu í Hafnarfirði að kynna og hlúa að Hafnarfirði sem spennandi áfangastað í alfaraleið.

Í endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar, sem nú stendur yfir, er vilji til þess að auka á fjölbreytni í ferðaþjónustu. Hluti af þeirri fjölbreytni er að geta boðið upp á svæði með góðum myrkurgæðum, þar sem komið hefur í ljós aukinn áhugi fyrir norðurljósa- og stjörnuskoðunarferðum.

Myrkurgæði við Bláfjallaveg í Snókalöndum eru mjög góð og það sem er eftirsóknarvert er nálægðin við höfuðborgarsvæðið.

Svæðið er því hugsað til þess að þjónusta m.a. þessa tegund ferðamennsku. Ferðaþjónustufyrirtæki hafa einnig sýnt fjölbreyttari ferðaþjónustu aukinn áhuga og hefur þetta tiltekna svæði ákveðna sérstöðu.

Það má búast við aukningu í þessari grein og þarna eru tækifæri til að nýta gæði náttúrunnar sem ekki er að finna annars staðar í nágrenni við þéttbýli, en það er einmitt myrkrið.

Stærð svæðisins ákvarðast m.a. af stærð hins raskaða svæðis og eins þarf að tryggja góð myrkurgæði, en ljós frá annarri starfsemi eða umferð getur spillt þessum gæðum.

Það fyrirtæki sem rekur þarna þjónustu í dag sér fyrir sér að hægt sé að gera ráð fyrir 150 manns á hverjum tíma og allt að 300 manns hvert kvöld. Stæði fyrir bifreiðar og aðkomu er sunnan megin við byggingarnar, en til vesturs er sjálft útsýnissvæðið varið fyrir ljósmengun af óröskuðu hrauni.

Skv. framan sögðu þarf landnotkunarflokkurinn að vera nokkuð rúmur því svæðið er mjög viðkvæmt fyrir utanaðkomandi ljósi.

Í kjölfarið verður gert deiliskipulag þar sem sett verða nánari skipulagsákvæði, m.a. varðandi umfang, gerð og fjölda mannvirkja. Á því skipulagsstigi verður gerð nánari grein fyrir bílastæðum, göngustígum og húsagerðum eins og almennt tíðkast við gerð deiliskipulags.

**Núverandi staða:**
Svæðið sem um ræðir er 14,3ha að stærð og eru útlínur þess u.þ.b. fimm metrum innan marka raskaðs svæðis í gömlum hraunnámum við Snókalönd. Óraskað hraun er utan þessa svæðis og í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013 skal forðast allt rask utan raskaða svæðisins enda nýtur það verndar í náttúruverndarlögum og er þess utan hverfisverndað.
Hverfisverndarákvæði HVb5, Kapellu- og Óbrinnishólahraun, nær til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður að frádregnum áætluðum byggingarsvæðum. Almenn ákvæði hverfisverndar er að ekki má raska landi, spilla minjum eða breyta yfirbragði hverfa. M.a. skal meta ósnortin sérkenni landslags svo sem kletta, hraun og klappir ásamt manngerðum hleðslum.
Engar þekktar minjar eru á svæðinu.

**Lýsing:**
Svæðið hefur mikið útivistargildi, eins og upplandið allt, og er vinsælt sem slíkt og umkringt góðum útivistarsvæðum og gönguleiðum.

Leitast verður við að byggingar og önnur mannvirki falli vel að umhverfinu og hafi ekki veruleg áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við núverandi starfsemi og gefa núverandi stjörnuskoðunartjöld tóninn fyrir það hvernig mannvirkjagerð skuli háttað. Sú ferðaþjónusta sem er fyrirhuguð á þessu svæði er tengd norðurljósa- og stjörnuskoðun. Þessi staður hentar vel til slíkrar ferðaþjónustu þar sem svæðið er utan þéttbýlis og myrkurgæði ágæt.
Heildarbyggingarmagn, fjöldi húsa og lagning göngustíga eru þættir sem koma munu fram í deiliskipulagsgerð. Ekki er gert ráð fyrir búsetu á svæðinu.

Neysluvatn verður ekki til staðar og ekki er gert ráð fyrir raf- né fráveitu. Hins vegar verður hægt að bora eftir vatni í samræmi við reglugerðir heilbrigðisyfirvalda og kallar það á starfsleyfi. Vatn sem tekið yrði úr holu er ekki neysluvatn, en gæti nýst til annarra nota.
Salerni verða þurrklósett og verður frárennsli þeirra leitt í safntank sem losaður verður eftir þöfum.
Öll frárennslismál verða í samræmi við viðeigandi reglugerðir og mun frárennsli ekki hafa mengun í för með sér.
Aðkoma að svæðinu verður frá Bláfjallavegi og notast verður við núverandi innkeyrslu að svæðinu.

**Áhrif:**
Ekki er gert ráð fyrir að uppbyggingin hafi áhrif á umhverfið, eða að jarðmyndanir á svæðinu verði fyrir miklum áhrifum, þar sem svæðið er innan marka raskaðs svæðis og rúmast núverandi og fyrirhugðuð starfsemi vel innan þess ramma. Talið er að breytingin valdi litlum neikvæðum umhverfisáhrifum, en jákvæð áhrif verði vegna uppbyggingar sem mun auka á fjölbreytni í ferðaþjónustu í Hafnarfirði og þar með stuðla að eflingu ferðaþjónustunnar þar.

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillagan var auglýst frá __________ til __________

og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann: ___________2021

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann: ____________2021.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild stjórnartíðinda þann:____________2021

## FYRIR




1:15.000

## EFTIR




Afmörkun svæðis.

1:15.000



Hraunnámur við Snókalönd við Bláfjallaveg (Loftmyndir ehf 2019)

— — — — — Afmörkun rakskaðs hraunsvæðis
——— Afmörkun svæðis u.þ.b. 5m fjarlægð frá óröskuðu hraunsvæði

## Skýringar:

- M – Miðbær, miðsvæði
- VÞ – Verslunar- og þjónustusvæði
- S – Samfélagsþjónusta
- I – Iðnaðarsvæði
- AT – Athafnasvæði
- ÍB – Íbúðarsvæði
- H – Hafnarsvæði
- F – Svæði fyrir frístundabyggð
- K – Kirkjugarðar og grafreitir
- E – Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- ÍÞ – Íþróttasvæði
- ÓB – Óbyggð svæði
- AF – Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL – Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP – Opin svæði
- V – Vötn, ár og sjór
- FS – Friðlýst svæði
- ÖN – Önnur náttúruverndarsvæði
- HV – Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
- Friðlýstar fornminjar
- VB – Vatnsbólasvæði
- VG – Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF – Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- VA – Öryggissvæði vegna grunnvatns
- VA – Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997
- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð 2,2,6 Iðnaðarsvæði bls. 49
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstígar
- R – Háspennulína
- R – Jarðstrengur
- V – Aðveituæð vatnsveitu
- H – Aðveituæð hitaveitu
- F – Frárennsli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- R – Tengivirki
- S – Spennistöð

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025
SVÆÐI: UPPLAND HAFNARFJARÐAR - SNÓKALÖND VIÐ BLÁFJALLAVEG

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ HAFNARFJARÐAR
09.07.2021/Lagfært 18.08.2021 og 6.10.2021 skv aths.
Skipulagsstofnunnar dags. 05.08.2021 og 23.9.2021
BERGLIND GUÐMUNDSDÓTTIR